

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um rannsóknir og mengunarvarnir
vegna torfæruaksturs í Jósefsdal.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Hvaða starfsemi tengd torfæruakstri og öðrum bifreiðaiþróttum hefur verið heimiluð í Jósefsdal í nágrenni vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins?
2. Hvaða skilyrði hafa verið sett fyrir starfseminni um mengunarvarnir og umgengni um svæðið?
3. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á mengun vegna gúmmíkurla og annarra mengandi efna frá torfærubifreiðum og öðrum farartækjum ásamt mengun vegna umferðar mannfólks með tilliti til nálægðar við vatnsverndarsvæði?
4. Er til áhættumat vegna umræddrar starfsemi í Jósefsdal og viðbragðsáætlanir sem eru endurskoðaðar með reglubundnum hætti í ljósi áhættumats? Hverjir eru helstu þættir slíkra áætlana, þar á meðal um verkaskiptingu og skiptingu ábyrgðar aðila sem koma að slíkum áætlunum?
5. Hvernig er háttað eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi í Jósefsdal, m.a. á sviði mengunarvarna?
6. Telur ráðherra samrýmast vatnsverndarsjónarmiðum að torfærubrautum sé valinn staður í Jósefsdal í ljósi nálægðar hans við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og mörk grunnvatnsstrauma sem sjá íbúum Reykjavíkur og nágrennasveitarfélaga fyrir lunganum af neysluvatni sínu? Hver er rökstuðningurinn fyrir álitum ráðherra í þessu efni?

Skriflegt svar óskast.